



Myllubakkaskóli

Sólvallagötu 6 a, 230 Reykjanesbæ

Sími: 420 1450

www.mylla@myllubakkaskoli.is

Reykjanesbær, júní 2016

Efni: Upplýsingar um framkvæmd umbóta sem áætlaðar voru í Myllubakkaskóla skólaárið 2015-2016 í kjölfar úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2013. (Í bréfi frá ráðuneyti kemur fram að úttektin hafi verið 2014 en hún var framkvæmd árið 2013)

Hér verður farið yfir þá þætti sem eftir var að framfylgja eftir úttekt sem gerð var í október 2013 í Myllubakkaskóla af Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta úr því sem betur mátti fara. Í úttektinni var áhersla lögð á fjóra þætti skólastarfsins, stjórnun, nám og kennslu, innra mat og lestur.

Stjórnun

Hlutur valgreina aukinn

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Skólanámskrá í samræmi við 12. kafla aðalnámskrár

Almennur hluti skólanámskrár var unnin af öllum hagsmunaaðilum og birtur í upphafi skólaárs 2015-2016 á heimasíðu skólans.

Heimasíða

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Móttökáætlun fyrir nýja kennara

Þegar kennari hefur störf við Myllubakkaskóla fær hann handleiðslu reyndari kennara sér til stuðnings fyrsta árið sitt við kennslu.

Móttökuferli og forvinna skólans:

- Farið er með kennara kynningarferð um skólann. Honum sögð saga hans og sérkenni.
- Kennari fær upplýsingabækling sem geymir allar helstu upplýsingar skólastarfsins. Bæklingurinn er geymdur á sameiginlegu svæði skólans.
- Skólanámskrá og starfsáætlun er kynnt.
- Kennari sem handleiðir er kynntur.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun er birt á heimasíðu skólans og er jafnframt hluti af almennum hluta skólanámskrár.

Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála fyrir starfsmenn

Meðferð ágreinings- og eineltismála fyrir starfsmenn er í höndum mannauðs- og gæðastjóra Reykjanesbæjar. Verið er að vinna nýja starfsmannahandbók sem mun birtast innan tíðar á heimasíðu Reykjanesbæjar.

Endurgjöf til kennara

Nýtt fyrirkomulag var gert á formi starfsmannasamtala þar sem kennarar svöruðu netkönnun áður en þeir komu í viðtal. Skólastjórnendur voru því búnir að sjá svör kennara áður en þeir komu í viðtal og þ.a.l. sköpuðust dýpri samræður um störf kennara. Stjórnendur fara reglulega í kennslustundir og í lok árs var lögð fyrir þarfagreining PBS.

Lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum

Þessu hefur verið komið í framkvæmd skv. fyrri skýrslu. Náms- og starfsráðgjafi hóf störf við skólann í 100% starfi s.l. haust. Hann hefur sinnt einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf og foreldraráðgjöf. Ákveðið var að nemendur 6. bekkjar tækju árlega þátt í Baujunni sem er sjálfstyrkingaraðferð þar sem unnið er með tilfinningaþroska nemenda. Nemendur 10. bekkjar tóku áhugasviðskönnunina Bendil og unnu úr

niðurstöðum með náms- og starfsráðgjafa. Nemendur tóku einnig þátt í samstarfsverkefni Krakka-RÚV og umboðsmanns barna um forsetakosningar á Íslandi í sumar. Nemendur fá að velja sér PBS umbun með kosningu og bekkjarfundir eru haldnir reglulega þar sem nemendur koma skoðunum sínum á framfæri. Nemendur í fyrsta bekkur héldu tvo bekkjarfundi til að venja þá við formið og kynna lýðræðisleg vinnubrögð.

Skólanámskrá- aðkoma foreldra og nemenda

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Skólaráð

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Nám og kennsla

Bekkjarnámskrár og gátlistar

Bekkjarnámskrár birtast á heimasíðu skólans ásamt lestrarstefnu og stærðfræðiferlum. Foreldrar fá kynningu á fyrsta foreldrafundi vetrar. Notast er við ákveðna gátlista fyrir samskiptadaga.

Val í námi

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015. Í vetur voru nemendur t.d. í áhugasviðtímum þar sem þeir völdu sitt áhugasvið og unnu með það.

Stundatöflur og skipulag

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Fjölbreytni í kennsluháttum

Í vetur voru kennarar meðvitaðri um fjölbreytta kennsluhætti. Áhugasviðstímar, hringekjuform í stærðfræðivinnu á miðstigi, lotukerfi í stærðfræði í 6.-10. bekk, útikennsla, útiöldun, þemadagar og upprotsvikur þar sem vikurnar voru tileinkaðar fjölmenningu, vísindum, hreyfing og heilsu voru allt viðfangsefni vetrarins.

I-padtímar voru á öllum stigum.

Upplýsingatækni í námi og kennslu

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Áætlanagerð og markmiðssetning nemenda

Opið skjal er á sameiginlegu svæði kennara þar sem t.d. atkvæði nemenda í lestri eru skráð. Þar er hægt að fylgjast með framförum og bregðast skjótt við ef nemandi er ekki að ná markmiðum sínum í lestri. Nemendur fá sjónrænar niðurstöður í lestri og setja sér markmið á samskiptadögum með foreldrum. Stærðfræðikennsla á unglingastigi er unnin í lotum þar sem nemendur setja sér markmið um hve langan tíma þeir áætla tiltekna lotu. Nemendur í námsveri setja sér skammtímamarkmið í vikuáætlun.

Innra og ytra mat

Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Skipulag innra mats í Myllubakkaskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og til að Myllubakkaskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Sjálfsmatsskýrsla Myllubakkaskóla var unnin og birt á heimasíðu skólans á skólaárinu. Myllubakkaskóli notar Skólapúlsinn sem matstæki á innra starfi skólans, einnig eru ýmsar skimanir lagðar fyrir nemendur eins og Leið til læsis, Talnalykill og Logos. Niðurstöður úr fyrrgreindum matstækjum eru notaðar til að bæta mikilvæga þætti í skólastarfinu.

Unnið var að nýrri menntastefnu Reykjanesbæjar og var skólastjóri Myllubakkaskóla fulltrúi skólastjórnenda í þeirri vinnu. Ný menntastefna birtist á næstu mánuðum.

Sjálfsmat nemenda eft

Náms- og starfsráðgjafi, þroskaþjálfari og starfsmenn skólans unnu stöðugt að því að efla sjálfsmat nemenda. Ákveðið var að náms- og starfsráðgjafi legði árlega fyrir nemendur í 6. bekk sjálfstyrkingarefnið Baujuna. Nemendum var skipt upp í fjögurra manna hópa. Hver hópur fór til námsráðgjafa í tvær kennslustundir á viku í sex vikur. Nemendur í 10. bekk tóku áhugakönnunina Bendil og unnið var með niðurstöður með nemendum til að efla þá og styrkja. Náms- og starfsráðgjafi sinnti einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf og foreldraráðgjöf. Þroskaþjálfari vann með nemendur í sjálfstyrkingu og er það mikill akkur fyrir skólann að hafa ráðið náms- og starfsráðgjafa og þroskaþjálfara

nemendum til heilla. Kennarar unnu með áhugasvið nemenda en þar velja nemendur sér áhugasvið og vinna með það. Nemendur í 10. bekk fóru á Alþingi Íslands og fengu innsýn í nefndarstörf og þingflokksfundi á skólaþingi Alþingis.

Í könnun skólapúlsins á trú nemenda á eigin vinnubrögðum og trú á eigin námsgetu kom fram skólaárið 2014-2015 að nemendur Myllubakkaskóla voru marktækt undir viðmiðum á þessum tveimur þáttum. Í könnuninni í ár kemur fram að nemendur hafa meiri trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu. Þó að ekki sé um marktækan mun að ræða skólaárið 2015-2016 kemur berlega í ljós að skólinn er á réttri leið í að efla sjálfsmat nemenda.

Námsaðlögun í bekk

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Verkefni við allra hæfi

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Nám og kennsla nemenda með sérþarfir undir stjórn fagaðila

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Innra mat

Áætlun um innra mat

Í starfsáætlun Myllubakkaskóla sem birtist á heimasíðu skólans kemur fram hvaða þætti í innra starfi skólinn hyggst meta. Þetta er t.d. Logos lestrarskimun fyrir 3., 6. og 9. bekk og í vor var skimunin lögð fyrir 8. bekk til að geta komið til móts við þarfir nemenda enn fyrr. Í sjálfsmatsskýrslu skólans og starfsáætlun kemur fram hvaða þættir eru metnir og niðurstöður kynntar.

Efling hagsmunaaðila innra mats

Nemendaráð, skólaráð, fræðslustjóri, fræðsluráð og starfsmenn skóla unnu að og fengu kynningu á innra mati.

Niðurstöður innra mats

Niðurstöður innra mats birtast í sjálfsmatsskýrslu sem er birt á heimasíðu skólans. Skýrslan var unnin af teymi og kynnt öllum hagsmunaaðilum. Verið er að leggja lokahönd á sjálfsmatsskýrslu þessa skólaárs.

Lestur

Lestrarstefna í tengslum við aðalnámskrá

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Lestrarmarkmið og hæfniviðmið

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Læsi af fjölbreyttum miðlum

Lestrarteymi skólans hefur skipulagt lesskilningsefni sem nota á fjórum sinnum á önn til námsmats. Efnið er ýmist á rafrænu formi eða pappír. Lögð hefur verið áhersla á að kennarar kynni nemendum lestur af ýmsum miðlum í I-padtímum.

Námsaðlögun í lestri og læsi

Hefur verið komið í framkvæmd eins og fram kom í skýrslu frá júní 2015.

Ánægja nemenda af lestri

Stuðningsfulltrúar og starfsmenn frístundarskólans hafa farið á námskeið í lestrarþjálfun nemenda. Í könnun Skólapúlsins skólaárið 2014-2015 var ánægja nemenda af lestri marktækt minni en annarra nemenda sem tóku þátt í könnuninni. Á þessu skólaári kemur fram í könnun Skólapúlsins að nemendur Myllubakkaskóla hafa jafn mikla ánægju af lestri og aðrir nemendur sem tóku þátt í könnuninni. Mikil áhersla hefur verið lögð á lestur og kennarar hafa prófað margar leiðir til að auka ánægju nemenda af lestri sem er greinilega að skila sér skv. könnun Skólapúlsins.

Myllubakkaskóli telur sig hafa unnið vel að umbótum sem settar voru fram í kjölfar úttektar á starfsemi skólans. Myllubakkaskóli þakkar Mennta- og menningarmálaráðuneytinu samstarfið.

Bryndís Guðmundsdóttir, skólastjóri

G. Steinar Jóhannsson, aðstoðarskólastjóri

Eva Björk Sveinsdóttir, deildarstjóri

Elín Rafnsdóttir, fulltrúi í umbótateymi

Hlynur Jónsson, fulltrúi í umbótateymi

Júlía Jørgensen, fulltrúi í umbótateymi